

## Skýrsla stjórnar fyrir árið 2014

### 1. KVH

Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga hefur þann tilgang fyrst og fremst að vinna að bættum kjörum félagsmanna og gæta hagsmuna þeirra í kjara- og réttindamálum. KVH fer með samningamál fyrir hönd sinna félagsmanna gagnvart ríki, sveitarfélögum og almennum markaði.

Félagið er eitt af 27 aðildarfélögum Bandalags háskólamanna.

### Stjórn félagsins

Eftirtaldir skipa stjórn félagsins:

Birgir Guðjónsson, formaður  
Ragnheiður Ragnarsdóttir, ritari  
Ársæll Baldursson, gjaldkeri  
Helgi Þór Jónasson, meðstjórnandi  
Stefán Þór Björnsson, meðstjórnandi

Varamenn eru: Hjálmar Kjartansson, Sigríður Svavarsdóttir og Birna Eggertsdóttir. Skoðunarmenn reikninga eru: Jóngeir Hlinason og Halla S. Sigurðardóttir.

Á starfsárinu voru haldnir 18 **stjórnarfundir**. Þar var fjallað um réttinda- og kjaramál og önnur hagsmunamál félagsmanna. Einnig voru haldnir fjölmargir samningafundir þar sem samninganefnd félagsins kom saman og fór yfir helstu málefni á döfinni. Ennfremur tóku stjórnarmenn þátt í ýmsum nefndum á vegum BHM, undirbúningsfundum vegna kjaramála, ásamt kynningum KVH fyrir háskólanema í viðskipta- og hagfræði við háskólana fjóra. Formaður félagsins sat einnig fjölmarga fundi formannaráðs BHM ásamt því að taka sæti í stjórn BHM undir lok ársins.

Árið 2014 er annað heila starfsár **þjónustuskrifstofu KVH** í sjálfstæðum rekstri, síðan félagið hætti í sameiginlegum rekstri með nokkrum öðrum stéttarfélögum. Auk framkvæmdarstjóra þá var verkefnastjóri í 60% starfi fyrstu fimm mánuði ársins en verkefnastjórinn kom síðan í fullt starf þann 1. júní. Starfsaðstaða starfsmanna var ekki nægilega góð þar sem þeir samnýttu eitt skrifstofuherbergi og sameiginleg fundarrými BHM eru því miður á mörkum þess að vera boðleg fyrir trúnaðarsamtöl þar sem þau eru hvorki hljóðeinangruð né loftræst. Úr þessu hefur ræst því í byrjun mars 2015 tók félagið á leigu skrifstofuherbergi fyrir verkefnastjóra. Þannig geta báðir starfsmenn félagsins átt trúnaðarsamtöl við félagsmenn beint á sinni eigin skrifstofu. Einnig getur stjórn félagsins haldið stjórnarfundum í eigin húsnæði og hægt er að halda aðra minni fundum með félagsmönnum á skrifstofu framkvæmdastjóra sem er í raun nauðsynlegt í rekstri stéttarfélagsins.

Starfsmenn KVH sinna fjölmörgum verkefnum fyrir félagsmenn í viku hverri, sum lúta að **kjaramálum**, önnur að **réttindamálum**. Nokkuð hefur verið um að félagsmenn hafi leitað aðstoðar vegna mála er varða ráðningar, uppsagnir og starfslok, áminningar eða einelti. Þá hafa starfsmenn skrifstofu KVH fyrir hönd félagsins gefið álit á frumvörpum eða drögum að þeim, og brugðist við einstaka málum er varða hópa starfsmanna, svo sem í málefnum Fiskistofu, svo dæmi sé tekið. Í einstaka tilfellum hefur félagið leitað fulltingis lögmanns við úrlausn mála, þegar aðrar leiðir hafa ekki verið færar.

**Húsnæðismál** BHM voru talsvert í umræðunni á árinu þar sem ljóst var að þjónustuskrifstofan Stétt (SL, Fræðagarður, SBU, FIF, FHSS) og KVH þurftu meira rými fyrir starfsemina. Ákveðið var á formannaráðsfundi í september að stofna starfshóp um húsnæðismál sem fékk eftirfarandi hlutverk: a) vinna þarfagreiningu vegna húsnæðismála BHM, sjóða BHM og aðildarféлага BHM, b) kanna á grunni niðurstöðu þarfagreiningar hvaða húsnæðiskostir henti starfsemi BHM best, c) vinna drög að kostnaðaráætlun. Starfshópurinn fékk í lið með sér utanaðkomandi sérfræðing, enda ljóst að um talsverða sérfræðivinnu var að ræða. Starfshópurinn skilaði af sér fyrri verkhluta á formannafundi í desember er varðaði þarfagreiningu og starfssemisgreiningu. Starfshópurinn mun kynna seinni verkhluta á formannafundi í mars 2015 er varðar hentugan húsnæðiskost, ásamt drögum að kostnaðaráætlun fyrir hvern þeirra. Þess má geta að BHM hefur tekið á leigu rúmlega 250 fm húsnæði á 2.hæð Borgartúns 6 og eru sjóðir og fjármáladeild bandalagsins þegar flutt í það húsnæði.

Skortur á bílastæðum við núverandi húsnæði BHM hefur valdið vandkvæðum þegar félagsmenn aðildarféлага eru boðaðir til funda. Ekki er lausn á þeim vanda í sjónmáli. Um mitt ár 2015 munu tvö hótél opna í grennd við Borgartún 6 með samtals 400 herbergjum. Það er stór spurning hvernig bílastæðamálum verður fyrir komið næsta sumar.

Aukið **samstarf við nemendafélög** háskólanna í Reykjavík, á Bifröst og á Akureyri hafa skilað auknum árangri, m.a. með fjölgun nýrra félagsmanna með námsmannaaðild.

**Nýr kynningarbæklingur KVH** var gefinn út í febrúar 2014 og lagaður að útliti heimasíðu félagsins. Þá auglýsti félagið starfsemi sína í Viðskiptablaðinu, námsmannablöðum og víðar.

Skrifstofa KVH byrjaði á því 2013 að senda **rafrænt fréttabréf** til félagsmanna þar sem helstu tíðindi eru samandregin og kemur þetta til viðbótar við fréttir á vefsíðu félagsins. Fréttabréfin eru orðin fjölmörg og hafa hlotið jákvæðar móttökur hjá félagsmönnum.

Mikil fjölgun félagsmanna hefur orðið síðustu tvö ár og þá sérstaklega frá einstaklingum sem starfa á almennum markaði eins og sjá má í tölfræði hluta skýrslunnar sem fylgir hér á eftir. Vöxtur félagsins hefur verið hraður og mikill síðustu tvö árin. Ef rétt er haldið á spilunum þá er engin ástæða til annars en að sú þróun muni halda áfram og þá sérstaklega með áframhaldandi kynningum til námsmanna í öllum háskólum landsins.

Félagi hefur sniðið sér stakk eftir tekjuvexti en verkefni sem kosta fjármuni eru fjölmörg. Verulega ánægjulegt er að grunnstoðir félagsins eru í dag það sterkar að bera tvo starfsmenn, en árið 2015 verður fyrsta starfsár KVH með tvo starfsmenn í fullu starfi.

## 2. Félagsmenn og kynningar

Félagið tók þátt í **kjarakönnun BHM** í mars/apríl 2014. Þátttaka félagsmanna KVH var mjög góð en svör bárust frá 587 félagsmönnum og var svarhlutfall um 62%, en heildarþátttaka BHM félaga var tæplega 54,6% sem er einnig ágætur árangur. Í ljós kom m.a. að meðal mánaðartekjur KVH félaga voru um 633 þús á árinu 2013, en til samanburðar voru meðal mánaðartekjur BHM fólks um 554 þús. Könnunin er í heild sinni aðgengileg á heimasíðu félagsins, en henni voru einnig gerð skil í fréttabréfi KVH sem sent var félagsmönnum í september s.l.

Þessa dagana stendur yfir kjarakönnun BHM 2015 og eru allir félagsmenn hvattir til að taka þátt í þessari könnun. Búið er að ákveða að þessi árlega kjarakönnun verður fastur liður í starfsemi BHM og tilgangur hennar m.a. sá að byggja upp gagnagrunn með launaupplýsingum fyrir félagsmenn aðildarfélaga BHM.

Fjöldi viðskiptafræðinga sem eru atvinnuleitendur og greiða jafnframt félagsgjald til KVH var nú í febrúar s.l. 22, en alls voru á sama tíma 221 viðskiptafræðingar og 38 hagfræðingar á atvinnuleysissskrá skv. tölum Vinnuálastofnunar. KVH greiðir framlag í sameiginlega sjóði BHM fyrir þá félagsmenn sem eru tímabundið atvinnuleitendur og greiða sjálfir félagsgjöld.

**Úttekt** var gerð að beiðni félagsins á **sameiginlegum sjóðum BHM** með samanburð við sjóði annarra stéttarfélaga, svo sem Verslunarmannafélags Reykjavíkur (V.R). Niðurstaða var í stórum dráttum sú að Sjúkrasjóður BHM býður uppá töluvert betri réttindi en samanburðarsjóðir, réttindi í Starfsmenntunarsjóði BHM eru einnig töluvert betri sé horft til upphæðar styrkja og styrkhæfni verkefna. Þá geta félagsmenn KVH sem vinna á almennum markaði samið við vinnuveitanda um aðild að Vísindasjóði KVH og Starfsþróunarsetri háskólamanna, sem gefur KVH/BHM mikið forskot þegar horft er til getu félagsins til að styrkja sína félagsmenn til sí- og endurmenntunar.


Félagsmönnum hefur fjölgað talsvert síðastliðin ár. Ef miðað er við október mánuð 2014 þá voru greiðandi félagsmenn KVH alls 1.095. Á sama tíma árið áður voru þeir 956.

**Fjöldi félagsmanna** sem greiddi til félagsins árið 2014 var 1.194 (í stað 1.014 árið áður) þar af voru 901 sem greiddu alla 12 mánuði ársins (en 783 árið áður).

Ef teknir eru með þeir félagsmenn sem bæst hafa við síðustu tæpa 4 mánuði, má leiða líkum að því að greiðandi félagsmenn séu nú orðnir **1.158**. Því til viðbótar eru nú skráðir félagar með námsmannaaðild orðnir 94.

Heildarfjöldi félagsmanna, að viðbættum þeim sem hafa námsmannaaðild, er því **1.252**

### Aukning greiðandi félagsmanna KVH frá október 2009 til mars 2015



\*Greiðandi félagsmenn í október 2014, auk félagsmenn sem hafa bæst við síðustu tæpa 4 mánuði


Hlutfall kynja hefur haldist stöðugt milli ára og eru konur um **57%** félagsmanna en karlar 43%. Meðalaldur greiðandi félagsmanna er nú 44 ára.

Ef litið er á skiptingu félagsmanna núna í mars 2015 eftir því hvar á vinnumarkaðinum þeir starfa þá er skiptingin þessi: **41%** starfa hjá ríkisstofnunum, **38%** starfa á almenna vinnumarkaðinum, **7%** vinna hjá sveitarfélögum og **5%** starfar hjá Reykjavíkurborg. Þá teljast námsmenn með aðild að félaginu vera um 7,5%, en atvinnuleitendur um 1,5%.

### Félagsmenn KVH mars 2015

Fjöldi: 1252

Ríkissjóður 41,4%



Fjölgun félagsmanna er mjög æskileg því styrkurinn felst ekki síst í stærðinni. Með þetta að leiðarljósi höfum við horft til háskólanna. Á starfsárinu voru haldnar kynningar/vísindaferðir fyrir viðskipta- og hagfræðinema við Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík, Háskólann á Bifröst og Háskólann á Akureyri. Það er orðinn árlegur viðburður að taka á móti háskólanemum og fræða þá um starfsemi félagsins og BHM. Á þessum kynningum er **námsmannaáðild** félagsins kynnt sérstaklega. Verkefnastjóri KVH hefur þróað og undirbúið enn nánara samstarf en áður við nemendafélög háskólanna, sem vonast er til að skili mun fleiri félagsmönnum þegar til lengri tíma er litið. Hægt er að fullyrða að hjá háskólanemendum sé vaxtabroddur félagsins og á komandi árum viljum við sjá stóran hluta þessara nemenda ganga til liðs við KVH.

Einnig má geta þess að undanfarin ár hefur KVH tekið þátt í Framadögum háskólafélks í samvinnu við BHM, en Framadagar 2015 fóru fram að þessu sinni í Háskólanum í Reykjavík.

### 3. Kjaramál og samningar

Árið 2014 var kjarasamningarár. Stjórn og samninganefnd gekk frá endurnýjun kjarasamninga við ríki, Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, Orkuveitu Reykjavíkur, Rarik, Ríkisútvarpið og Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu. Samningar þessir voru gerðir til eins árs. Kjarasamningur við Samtök atvinnulífsins er hins vegar ótímabundinn. Flestir þessara samninga runnu út í lok febrúar s.l. eins og aðrir samningar á almennum vinnumarkaði, en samningarnir við sveitarfélögin gilda til 31. ágúst 2015.

Á starfsárinu voru einnig endurnýjaðir nokkrir **stofnanasamningar** við ríkisstofnanir, m.a. við Íbúðalánasjóð, Háskóla Íslands, Mannvirkjastofnun, Sjúkratryggingar og Menntaskólann við Sund. Viðræður hafa einnig staðið yfir við margar aðrar ríkisstofnanir um endurnýjun eða gerð nýrra stofnanasamninga. Þessar samningaviðræður eru yfirleitt tímafrekar og ójafnræði er milli samningsaðila, eins skýrslur og úttektir um framkvæmd stofnanasamninga hafa staðfest.

### 4. Launaþróun

Skýrsla heildarsamtaka aðila vinnumarkaðarins, undir heitinu **„Í aðdraganda kjarasamninga“**, var endurútgefin í febrúar 2015. Mikinn fróðleik og talnaupplýsingar er að finna í þessari skýrslu, varðandi launaþróun, verðbólgu og kaupmáttarþróun, en einnig um stöðu og horfur í efnahagsmálum, framleiðni og alþjóðlegan samanburð launa. Félagsmönnum er bent á að kynna sér þetta efni nánar en það má finna á heimasíðu KVH undir hnappinum „skýrslur/fræðsla“.

Skýrslan tekur yfir launaþróun og vísitölur á tímabilinu frá 2006 til september 2014. Meðal þess sem fram kemur er að **laun kvenna** hafa hækkað meira en karla á tímabilinu nóvember 2006 til september 2014, og reyndar mest hjá konum í aðildarfélögum BHM.

Verðbólga hefur hjaðnað verulega frá árinu 2008, og jafnt og þétt frá árinu 2011. **Kaupmáttur** á mælikvarða launavísitölu hefur vaxið samfelld síðast liðin fimm ár og í september s.l. var kaupmáttarstigið orðið hið sama og í nóvember 2007.

Skýrslan gefur ekki mynd af þróun kaupmáttar BHM-fólks á almennum vinnumarkaði.

Launaþróun frá nóvember 2006 til september 2014 er dregin saman í eftirfarandi töflu, þar sem nóvember 2006 er jafnt og hundrað:


	ASÍ			BHM		BSRB		KÍ		Launa - vísitala
	Aim.	Ríki	Sv.fél.	Ríki	Sv.fél.	Ríki	Sv.fél.	Ríki	Sv.fél.	
2006	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
2007	109,6	105,8	105,1	108,7	108,4	108,3	104,9	107,2	104,0	108,3
2008	117,0	124,7	109,3	123,4	115,3	123,1	110,5	123,0	124,2	116,7
2009	121,7	127,6	127,5	124,3	123,2	124,4	123,9	123,5	129,3	121,4
2010	128,2	134,6	130,9	127,1	125,1	130,3	126,2	124,7	130,8	127,0
2011	137,7	141,8	139,4	135,9	133,9	138,4	133,5	134,0	138,3	138,5
2012	145,6	149,4	146,8	144,1	141,5	145,1	140,1	140,2	144,6	145,4
2013	154,5	165,5	155,5	153,1	148,7	155,2	147,7	146,3	152,0	154,2
2014*	162,4	173,9	166,7	162,2	162,0	161,0	157,4	167,8	168,8	163,0

Laun ríkisstarfsmanna í stéttarfélögum innan ASÍ hafa hækkað mest á þessu tímabili, en laun starfsmanna í aðildarfélögum BSRB hjá sveitarfélögum minnst, eins og sjá má á töflunni hér að ofan.

Á vef BHM er einnig hægt að nálgast uppfærðar hagtölur ýmiss konar, sem byggja á gögnum Hagstofunnar. Til dæmis þessar um þróun kaupmáttar, launa og verðlags:

### Þróun kaupmáttar

Eining: Ýmsar Hagvísir: Kaupmáttur launa, vísitala




Heimild: Hagstofa Íslands  
Birt: 20 feb 2015

[Opna á DataMarket](#)

### Þróun launa og verðlags


Eining: Vísitölur og breytingar (breyting)



Heimild: Hagstofa Íslands  
Birt: 26 feb 2015

[Opna á DataMarket](#)

Á þessari töflu má sjá þróun meðalheildarlauna ríkisstarfsmanna, annars vegar hjá KVH og hins vegar hjá BHM:



Heimild: [http://www.fjarmalaraduneyti.is/verkefni/starfsmenn\\_rikisins/kjarasamningar/medallaun](http://www.fjarmalaraduneyti.is/verkefni/starfsmenn_rikisins/kjarasamningar/medallaun).


Fróðlegt getur verið að skoða þróun heildarlauna einstakra stéttarféлага háskólamanna eftir tímabilum. Hér að neðan má sjá samburð launa KVH við fáein önnur félög, innan sem utan BHM:

#### Heildarlaun hjá ríki í september 2013 og 2014 - samanburður nokkurra stéttarféлага

Stéttarfélag	Heildarlaun meðaltal september 2013	Heildarlaun meðaltal september 2014	Hækkun milli ára
<b>KVH</b>	626.559	671.531	7,18%
<b>BHM</b>	536.079	576.126	7,47%
<b>Stéttarfélag lögfræðinga</b>	611.156	650.345	6,41%
<b>Félag háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins</b>	586.759	617.755	5,28%
<b>Félag íslenskra náttúrufræðinga</b>	510.232	563.682	10,48%
<b>Fræðagarður</b>	512.147	543.098	6,04%
<b>Félag háskólakennara</b>	469.854	513.937	9,38%
<b>Után BHM:</b>			
<b>Stéttarfélag verkfræðinga</b>	658.157	696.498	5,83%
<b>Kjarafélag tæknifræðingafélag Íslands</b>	653.502	689.224	5,47%

Heimild: [http://www.fjarmalaraduneyti.is/verkefni/starfsmenn\\_rikisins/kjarasamningar/medallaun](http://www.fjarmalaraduneyti.is/verkefni/starfsmenn_rikisins/kjarasamningar/medallaun).

### Meðalheildarlaun félagsmanna KVH hjá hinu opinbera - október 2014



*\*Félagsmenn KVH hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga eru færri en hjá ríkinu. Jafnframt eru félagsmenn SíS hlutfallslega mun fleiri í stjórnunarstöðum en hjá ríkinu.*

*\* Ekki liggja fyrir starfshlutföll félagsmanna KVH á almennum vinnumarkaði. Þar af leiðandi gefa meðalheildarlaun ekki rétta mynd. Meðalheildarlaun á almennum vinnumarkaði eru að öðru jöfnu hærrí en hjá hinu opinbera.*

## 5. Atvinnuástand

Samkvæmt útreikningum Vinnumálastofnunar hefur hlutfallslegt atvinnuleysi á vinnumarkaði frá desember 2012 til desember 2014, lækkað úr 5,7% í 3,4%. Fjöldi einstaklinga sem voru atvinnulausir í desember 2014 voru 6.057 en þar af voru 1.463 háskólamenntaðir eða sem nemur 24% af heildar atvinnuleysi.

Ef rýndar eru sambærilegar tölur frá desember 2013 þá var fjöldi atvinnulausra háskólamenntaðra einstaklinga um 21,7% (1.597) af heildar atvinnuleysi. Þessar tölur gefa tilefni til þess að álykta að hægt gangi að skapa störf fyrir háskólamenntað fólk.

Í samhengi við ofangreindar samanburðartölur þá ber þó að hafa í huga, að háskólar landsins útskrifa ár hvert á milli 400-500 einstaklinga úr viðskipta- og hagfræðinámi sem velflestir koma til starfa á íslenskum vinnumarkaði. Einnig er töluverður fjöldi viðskiptafræðinga og hagfræðinga sem menntar sig erlendis og ræður sig til starfa á íslenskum vinnumarkaði.

## 6. Verkefni stjórnar KVH 2015-2016

Á starfsárinu 2014-2015 var ekki einungis unnið að og gengið frá endurnýjun kjarasamninga við flesta viðsemjendur, heldur var á haustdögum lögð talsverð vinna í undirbúning að næstu samningalotu, eins og bókanir kjarasamninga kváðu á um.

Frá áramótum hefur KVH unnið með öðrum aðildarfélögum BHM að gerð sameiginlegrar kröfugerðar gagnvart ríkinu og reyndar einnig endurskoðunar á kjarasamningi við Samtök atvinnulífsins. Þá er framundan undirbúningsvinna að gerð annarra kjarasamninga.



Líkur er á að vinna við endurnýjun stofnanasamninga á ríkisstofnunum dragist vegna aðalkjarasamninga, en reynt verður eftir því sem mögulegt er að sinna þeim verkefnum einnig.

Félagið fyrirhugar að halda áfram að kanna viðhorf félagsmanna til kjara- og réttindamála með netkönnunum í eins ríkum mæli og unnt er. Þegar hefur ein slík viðhorfskönnun verið gerð á meðal ríkisstarfsmanna, um viðhorf til mögulegra verkfallsaðgerða, og má búast við öðrum viðhorfskönnunum meðal félagsmanna sem heyra undir aðra viðsemjendur.

Nauðsynlegt er að efla trúnaðarmannakerfi félagsins. Stefnt er að því að halda trúnaðarmannanámskeið næsta vetur, en þetta verkefni hefur frestast vegna kjarasamningamála. Öflugt trúnaðarmannakerfi er mikilvægt fyrir starfsemi félagsins og mun styrkja það á margvíslegan hátt.

Fyrirhugað er að halda námskeið í byrjun apríl fyrir hina fjölmörgu háskólanema sem hafa námsmannaaðild að KVH. Á þessum námskeiðum munu háskólanemar fá leiðsögn um starfsumsóknir, gerð ferilskráa og ráðningarsamninga. Er þetta einn liður í samstarfssamningi KVH við nemendafélög háskólanna.

## **7. Lokaorð**

Gildistími kjarasamnings KVH við ríkið rann út þann 28.febrúar síðastliðinn. Eiginlegar samningaviðræður eru því nýlega hafnar, en engu að síður hafa undirbúningsviðræður með ríkinu átt sér stað um ýmis mál, svo sem framkvæmd stofnanasamninga, frá því síðasta haust. KVH hefur tekið virkan þátt í þessari sameiginlegri vinnu aðildarfélaga BHM.

Í yfirstandandi kjarasamningsviðræðum gerðu BHM félögin með sér samkomulag um að fara í viðræður með sameiginlega kröfugerð gagnvart ríkinu. Var stofnuð sameiginleg samninganefnd BHM og einnig þriggja manna viðræðunefnd sem formaður BHM stýrir. Hvert og eitt félag hefur þó heimild til þess að semja um sín sérmál enda liggur samningsrétturinn hjá hverju einstöku félagi.

Samninganefnd KVH fundaði með ríkinu í desember og kynnti fyrir ríkinu megináherslur og sérkröfur félagsins í komandi samningum.

Stjórn og samninganefnd félagsins tók síðan þá ákvörðun á fundi þann 10. mars síðastliðinn að draga sig út úr sameiginlegum viðræðum aðildarfélaga BHM við ríkið þar sem áherslur til aðgerða um þessar mundir eru ólíkar.

Nýverið framkvæmdi KVH viðhorfskönnun meðal félagsmanna sinna hjá ríki. Niðurstaða könnunar var ekki afgerandi þ.s. þátttaka var lítil og var niðurstaðan því ekki marktæk. Af þeim sem svöruðu var um helmingur tilbúinn til sameiginlegra verkfallsaðgerða, þó ekki ótímabundinna.

Ljóst er að meirihluti stéttarféлага innan BHM hefur boðað til atkvæðagreiðslna um verkfall og fer sú kosning fram í þessari viku, þ.e. 16.-20. mars 2015.

Stjórn og samninganefnd KVH tók hins vegar þá ákvörðun að efna ekki til atkvæðagreiðslu, að svo komnu máli, meðal sinna félagsmanna hjá ríkinu um

verkfallsaðgerðir, enda viðræður rétt að hefjast og staðan í samningaviðræðum á almenna vinnumarkaðinum ennþá mjög óljós.

Kostnaður KVH vegna mögulegra sameiginlegra verkfallsaðgerða var af BHM áætlaður geta hlaupið á tugum milljóna króna. Þar sem KVH býr ekki yfir neinum verkfallssjóði er ljóst að félagið getur ekki tekið þátt í fjármögnun sameiginlegra verkfallsaðgerða, komi til þeirra.

Loks er því við að bæta að margir félagsmenn hafa sett spurningarmerki við tímasetningu verkfallsaðgerða nú um þessar mundir. Kaupmáttur hefur aukist undanfarin misseri og er orðinn svipaður og hann var hæstur árið 2007. Þá hefur verðbólga verið tiltölulega lág um allnokkurt skeið. Mikilvægt er að hafa í huga að meginmarkmið kjarasamninga er að auka kaupmátt, samhliða hækkun launaliða. KVH hefur að framansögðu ákveðið að taka upp sjálfstæðar samningaviðræður við ríkið, þrátt fyrir að megináherslur í kröfugerð félagsins séu hinar sömu og annarra aðildarfélaga BHM.

Að því er vísir að rekstri félagsins og framlagningu ársreiknings, þá ber að geta þess að endurskoðandi KVH gerði í fyrra athugasemdir vegna hlutfallslega hækkandi greiðslna á milli ára, af innborguðum félagsgjöldum KVH til BHM. Þessar athugasemdir koma einnig fram nú við framlagningu ársreiknings hér í dag. KVH hefur gert ágreining við BHM um þetta greiðsluhlutfall og telur að ójafnræðis gæti í framlögum aðildarfélaga, þar sem KVH greiði meira en það ætti að gera samkvæmt samningum. Undir þetta tekur endurskoðandi. KVH mun funda með BHM og freista þess að finna viðunandi lausn á þessum ágreiningi.

Eins og áður hefur komið fram þá er lokið öðru starfsári félagsins með sjálfstæðan rekstur og eigin skrifstofu. Fullyrða má að vel hafi tekist til þar sem verkefni og áherslur í félagsstarfinu hafa verið skilvirkari og þjónustan markvissari.

Ljóst er að fjölmörg tækifæri eru til staðar næstu misserin að efla enn frekar starfsemi KVH til hagsbóta fyrir félagsmenn. Fjölmörg krefjandi og spennandi verkefni bíða handan við hornið. Það er von stjórnar að innan KVH finni félagsmenn úrlausn sinna mála með skjóttum og öruggum hætti, og félaginu takist að halda áfram að bæta kjör félagsmanna.

Reykjavík, 19. mars 2015

F.h. stjórnar Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga

*Birgir Guðjónsson formaður*